



## Alþýðusamband Íslands

Í janúar 2009 ítrekaði ASÍ þessa skoðun sína en hún hafði áður komið fram í umsögn ASÍ um frumvarp til innheimtulaga en þar sagði:

*„Frumvarpið tekur á hluta þessa vanda en gengur fjarri lagi það langt að viðunandi sé. Til þess að innheimtulög nái tilgangi sínum verða þau einnig að taka til innheimtu fjárskuldbindinga á grundvelli réttarfarsúrræða. Sérstök réttarfarsúrræði til innheimtu fjárskuldbindinga veita innheimtuaðilum sterka og ósanngjarna réttarstöðu gagnvart skuldara. Fullyrða má, að eftir að krafa er gjaldfallin og viðvörunarfrestur liðinn sé skuldari upp á náð og miskunn þeirra lögmanna sem kröfuna innheimta kominn, án þess að geta borið hönd fyrir höfuð sér. Þ.e. undir hótun um aðför að skuldara sjálfum, ábyrgðarmönnum hans eða undir hótun um að nauðungaruppboð fari fram á eignum hans er sammingsstaða hans vonlaus og engra úrræða að leita fyrr en viðkomandi aðgerð hefur náð fram að ganga með því tjóni og þeim afleiðingum sem slíkt getur haft í för með sér. Það á meðal annars við andmæli hans gegn óhóflegum innheimtukostnaði, innheimtukostnaði reiknuðum af gjaldföllnum skuldabréfum sem þó er leyft að komið sé í skil o.fl.“*

**Dæmi:** Höfuðstóll veðskuldar er að eftirstöðvum 40.000.000.- Ógreiddar og gjaldfallnar afborganir eru 1.200.000.- Innheimtukostnaður skv. hefðbundinni gjaldskrá lögmanns vegna innheimtu af á 1.200.000.- eru kr. 109.850.- – auk virðisaukaskatts meðan kostnaður af innheimtu 40.000.000.- eru kr. 1.347.250.- auk virðisaukaskatts. Til viðbótar báðum kröfum reiknast milli 6 og 7 þúsund krónur án virðisaukaskatts fyrir hvert bréf og hvert þinghald hjá sýslumanni auk útlagðs kostnaðar eftir því sem við á. Ljóst er að verulegir hagsmunir skuldara eru fólgnir í því að takmörk verði sett á ofangreinda gjaldtöku.